



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

Nr. 172/2023 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is

Efnisyfirlit

1.	Þáttaka.....	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	2
3.	Næstu skref.....	2

Nóvember 2023

1. Þátttaka

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	Baldvin Nielsen	Cruise Iceland
		Félag atvinnurekenda
		Félag réttihafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRISK)
		Fyrirtæki í hótél- og gistiþjónustu (FHG)
		Samband íslenskra sveitarfélaga
		Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)
Samtals	1	6

Upplýsingar um málefni, umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3544](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3544)

2. Sjónarmið umsagnaraðila

Sjö umsagnir vegna málsins bárust í samráðsgáttina. Flestar umsagnirnar snúa að gistináttaskatti. Í þeim kemur fram að gistináttaskattur ýti undir ójafnræði keppinauta á sama markaði þar sem hótél og gistihús þurfi að skila gistináttaskatti, en hvorki heimagisting (Airbnb) né hótelskip. Þá leggi Ísland eitt Norðurlandanna á gistináttaskatt. Skref í rétta átt væri að afnema gistináttaskattinn til að jafna stöðu þessara gististaða að einhverju leyti.

Fyrirhuguðum breytingum um lægra áfengisgjald af ákveðnu magni áfengra drykkja sem framleiddir eru af litlum, sjálfstæðum framleiðendum er fagnað en bent á að útfærsla áformanna liggi ekki fyrir. Umsagnaraðilar telja óskynsamlegt og ekki standast jafnræðisreglu að mismuna áfengisframleiðendum eftir stærð þegar tekur eru ákvarðanir um ívilnandi aðgerðir eins og þá sem lögð sé til í áformaskjalinu. Efni sé til að lækka áfengisskatta almennt en ekki eingöngu á takmörkuðu magni.

Að lokum er því fagnað og talið sanngjarnt að sölu á aðgangsmiðum í kvikmyndahús verði skipað í lægra þrep virðisaukaskatts, sem stuðli að bættara rekstrarumhverfi kvikmyndahúsa. Lagt er til að myndefni eftir pöntun (T-VOD) verði fært í neðra skattþrep virðisaukaskatts til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva.

3. Næstu skref

Fyrirhugað er að frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld verði lagt fram á Alþingi á haustþingi 2023.